



**Efni: Heimild til að hefja frumathugun fyrir verkefnið „stafrænt vinnuafli“**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja frumathugunarverkefnið „stafrænt vinnuafli“. Verkefnið felst í að sannreyna sjálfvirknivæðingu siendurtekinnna verkefna með nýtingu stafræns vinnuafli. Á fyrsta ári er áætlað að sjálfvirknivæða fimm ferla, þar af munu tveir tilheyra þjónustuveitingu fjármála- og áhætturstýringarsviðs.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 01265 og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá júní 2024 til maí 2025 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 7,1 m.kr. sem tilheyra eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

**Greinargerð:**

Stafrænt vinnuafli (Robotic Process Automation, RPA) er hugbúnaðarlausn sem getur hermt eftir aðgerðum starfsfólks, svo sem að slá inn upplýsingar milli kerfa, fylla út eyðublöð og senda tölvupósta. Tilgangur frumathugunarverkefnisins er að sannreyna vinnusparnað og aukna skilvirkni í þjónustuveitingu borgarinnar með nýtingu stafræns vinnuafils.

Á fyrsta ári er áætlað að sjálfvirknivæða fimm ferla, þar af munu tveir tilheyra þjónustuveitingu fjármála- og áhættustýringarsviðs. Kostnaður verkefnisins felst í útfærslu, smíði og innleiðingu stafræns vinnuafils og verður unnið í samstarfi við þjónustuaðila sem mun bera ábyrgð á undirbúningi og innleiðingu. Einnig verður fjárfest í hugbúnaðarleyfum. Ábati verkefnisins felst í bættri og skilvirkari þjónustu við borgarbúa, betra starfsumhverfi og miklum tímasparnaði. Horft verður til reynslu tveggja sveitarfélaga, Hafnarfjarðar og Mosfellsbæjar, sem þegar hafa innleitt stafrænt vinnuafli með góðum árangri.

Markmið verkefnisins er að sýna fram á ofangreindan ábata og kynna fyrir öðrum sviðum hvernig má nýta stafrænt vinnuafli til að auka skilvirkni í starfsemi borgarinnar. Verkefnið leggur grunninn að framtíðarnýtingu stafræns vinnuafils innan borgarinnar. Því verður lögð áhersla á að halda vel utan um framgang þess svo að hægt verði að nýta þá reynslu ef stafrænt vinnuafli verður innleitt í meira mæli. Verkefnið er mikilvægur þáttur í stafrænni umbreytingu Reykjavíkurborgar, eykur skilvirkni, dregur úr álagi og bætir þjónustuna.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 7,1 m.kr.

Kostnaðarstaður: 01265. Verkefnaklassi: 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þróstur Sigurðsson,  
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur